

VIÐMIÐ UM VEITINGU DOKTORSNAFNBÓTAR Í HEIÐURS SKYNI

VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

SBR. 67. GR. REGLNA FYRIR HÁSKÓLA ÍSLANDS NR. 569/2009

Samþykkt í háskólaráði 1. október 2009

INNGANGUR

Veiting doktorsnafnbótar hefur frá fornu fari verið einkaréttur háskóla og er hún æðsta viðurkenning sem þeir veita. Í lögum um Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið sérstakur kafli um doktora þar sem mælt er fyrir að háskóladeildir hafi rétt til að veita doktorsnafnbót. Eru doktorsnafnbætur veittar á tveimur forsendum, annars vegar að undangengnu sérstöku prófi og hins vegar í heiðurs skyni (lat. *honoris causa*) án undangengins sérstaks prófs. Er doktorum skipt í tvo flokka í samræmi við þetta.

Í fyrstu lögum og reglugerð Háskólans höfðu deildirnar óskoraðan rétt til þess að kjósa heiðursdoktora og réð einfaldur meirihluti úrslitum. Í síðari lögum og reglugerð skólans var kveðið á um að doktorsnafnbót í heiðurs skyni yrðiekkiveitt nema með einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna og gat því einn auður seðill fellt mann frá kjöri. Þá var réttur deildanna takmarkaður árið 1942 þannig að samþykki háskólaráðs þurfti einnig að koma til. Núgildandi lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 gera ráð fyrir að doktorsnafnbót í heiðurs skyni verði veitt samkvæmt tillögu deildar og stjórnar fræðasviðs, með samþykki þriggja fjórðu hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs.

Þótt skýrar reglur séu um það hvernig kjör heiðursdoktora fer fram hafa þau viðmið sem lögð eru til grundvallar kjörinu hingað til ekki verið skráð í lög eða reglur. Þess í stað hefur verið byggt á óskráðum venjum hliðstæðum þeim sem tíðkast hafa í háskólum víða um lönd allt frá miðöldum. Engu að síður getur val heiðursdoktora byggst á talsvert mismunandi forsendum. Til að taka af öll tvímæli segir því í lok 67. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, sem fjallar um doktorsnafnbót og doktorsskjal: „Háskólaráð setur sérstök viðmið um veitingu heiðursdoktorsnafnbóta.“ Hér á eftir fer tillaga um slík viðmið og önnur atriði er lúta að veitingu heiðursdoktorsnafnbóta við Háskóla Íslands.

VIÐMIÐ

1. Eins og heiti heiðursdoktorsnafnbótarinnar ber með sér er hún veitt til að heiðra doktorsefnið og til sæmdarauka fyrir Háskóla Íslands.
2. Nafnbótin er veitt fyrir framlag doktorsefnisins til tiltekinnar fræðigreinar, Háskólans eða íslensks samfélags almennt.
3. Valið getur verið tengt við stórafmæli Háskólans eða deildarinnar, eða jafnvel við afmæli doktorsefnanna sjálfra.
4. Þeir sem þessa sæmd hljóta skulu hafa afkastað merkilegu starfi og njóta almennrar viðurkenningar á sínu sviði, ýmist sem vísindamenn, menningarfrömuðir, andlegir eða veraldlegir leiðtogar.

5. Með valinu getur Háskólinn einnig viljað sýna virðingu fyrir sérstakt framlag til skólans eða farsæl störf í hans þágu. Núverandi föstum starfsmönnum Háskólans er þó ekki veitt heiðursdoktorsnafnbót. Ef fyrrverandi föstum starfsmönnum Háskólans er veitt heiðursdoktorsnafnbót er það ævinlega vegna sérstaks framlags sem nýtur mikillar viðurkenningar í víðara samhengi.
6. Þegar um erlenda menn er að ræða getur heiðursdoktorskjörið enn fremur miðað að því að sýna landi þeirra, þjóð eða stofnun sem þeir hafa unnið við sérstakan sæmdarvott.
7. Þótt háskólamenntun sé ekki forsenda fyrir heiðursdoktorskjöri er algengt að heiðursdoktorar séu einnig prófdoktorar frá einhverjum háskóla.
8. Sami maður getur verið heiðursdoktor við tvo eða fleiri háskóla og einnig geta tvær eða fleiri deildir sæmt sama mann doktorsnafnbót í heiðurs skyni eða sameinast um að veita nafnbótina.
9. Þótt þannig geti mismunandi sjónarmið komið til greina við val heiðursdoktora skal ætíð vanda valið þannig að heiðursdoktorsnafnbót sé hinn mesti sómi sem Háskólinn getur sýnt manni.

FRAMKVÆMD

1. Atkvæðisbærir fulltrúar á deildarfundum geta sett fram tillögu um veitingu heiðursdoktorsnafnbótar. Að tillögunni skulu standa hið minnsta þrjú fulltrúar og með henni skal fylgja skrifleg greinargerð eða rökstuðningur fyrir tillögunni ásamt æviágripi þess sem tillagan er gerð um.
2. Tillagan skal send deildarforseta viðkomandi deildar sem leggur hana, með milligöngu rektorsskrifstofu, fyrir sérstaka nefnd sem háskólaráð skipar og veitir umsögn um tillöguna á grundvelli ofangreindra viðmiða. Í heiðursdoktorsnefndinni eiga sæti einn fulltrúi frá hverju fræðasviði og einn fulltrúi háskólaráðs sem er formaður. Stjórn hvers fræðasviðs tilnefnir tvo, einn karl og eina konu til að taka sæti í nefndinni. Við skipun nefndarinnar skal tekið mið af ákvæðum jafnréttis laga. Skipan nefndarinnar má sjá hér: <http://www.hi.is/skolinn/heidursdoktorsnefnd>. Nefndin skal skila deildarforseta, með milligöngu rektorsskrifstofu, skriflegri umsögn sinni innan eins mánaðar.
3. Hin rökstudda tillaga skal lögð, ásamt umsögn heiðursdoktorsnefndar, fyrir deildarfund og stjórn fræðasviðs til afgreiðslu. Til að tillaga deildar hljóti brautargengi þarf hún að hljóta samþykki þriggja fjórðu hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna. Hljóti tillagan samþykki deildar er hún send, með milligöngu rektorsskrifstofu, háskólaráði til samþykktar. Að jafnaði skal við það miðað að ár hvert verði ekki sett fram fleiri en ein tillaga frá hverju fræðasviði. Halda skal fyllsta trúnað um tillöguna þar til háskólaráð hefur tekið afstöðu til hennar. Þegar háskólaráð hefur samþykkt tillöguna ritar rektor doktorsefninu bréf og greinir frá niðurstöðunni. Um feril veitingar doktorsnafnbótar í heiðurs skyni fer að öðru leyti eftir 67. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.
4. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni er veitt við sérstaka hátíðlega athöfn, sem undirbúin er af viðkomandi deild, háskólahátíð eða aðra hátíðisdaga Háskólans. Við athöfnina les deildarforseti upp greinargerð eða rökstuðning fyrir veitingunni og fær

doktornum í hendur doktorsskjal sem deildarforseti, forseti fræðasviðs og rektor undirrita. Doktorsskjalið skal vera á íslensku, latínu og ensku. Aðdraganda og framkvæmd athafnar er að öðru leyti lýst í verklagsskjali sem deildarforsetar eiga í sínum forum og er jafnframt aðgengilegt í skjalasafni Háskóla Íslands.

5. Sá sem er sæmdur doktorsnafnbót í heiðurs skyni hlýtur lærdómstílinn doctor philosophiae honoris causa, doctor medicinae honoris causa o.s.frv., styttr dr. phil. h.c., dr. med. h.c. o.s.frv. Handhafa heiðursdoktorsnafnbótar er heimilt að nota hana með viðeigandi hætti, en þó þannig að henni verði ekki ruglað saman við doktorsgráðu að undangengnu prófi.

GILDISTAKA

Framangreind viðmið um veitingu doktorsnafnbótar í heiðurs skyni taki gildi 1. október 2009.

HEIÐURSDOKTORAR FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Lista um heiðursdoktora frá Háskóla Íslands er að finna á slóðinni <http://www.hi.is/skolinn/heidursdoktorar>